



STARFSENDURHÆFING
NORÐURLANDS

Ársskýrsla

Starfsárið júlí 2007 til júní 2008



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um Starfsendurhæfingu Norðurlands	4
Hlutverk	4
Markmið	4
Ferli endurhæfingarinnar.....	4
Þjónustusamningur.....	5
Samstarfsaðilar	5
Starfsemin	6
Veitt þjónusta við þátttakendur	6
Tilvísanir til SN	6
Fjöldi þátttakenda á síðasta starfsári og áætluð starfsemi á haustmánuðum.....	6
Kynjaskipting þátttakenda	7
Menntun þátttakenda	7
Staða þátttakenda sem hafa útskrifast frá SN-BYR frá 2004 - 2008.....	8
Leonardo verkefni.....	8
Kynningarstarf	8
Próunarstarf	9
Stuðningshópur	9
Endurhæfingarteymi Norðurlands – “Brúin”	9
Hvatningarverðlaun ÖBÍ	10
Lokaorð	10

Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands mun varpa ljósi á það starf sem fram hefur farið síðastliðið starfsár.

Tímabilið sem um er fjallað er frá júlí 2007 til dagsins í dag.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN. Friðfinnur Hermannson meðstjórnandi, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga vék úr stjórn en hans sæti tók Jón Helgi Björnsson. Aðrir stjórnarmenn eru; Soffía Gísladóttir, fulltrúi SÍMEY formaður, Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar varaformaður og ritari. Meðstjórnendur eru; Guðmundur B. Guðmundsson, fulltrúi Stapa Lífeyrissjóðs, og Ingvar Þóroddsson, fulltrúi FSA.

Varamenn eru: Helena Karlsdóttir, fulltrúi Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra fyrir SÍMEY, fulltrúi Akureyrarbæjar er Margrét Guðjónsdóttir fulltrúi frá HAK, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, fulltrúi KEA fyrir Stapa Lífeyrissjóð, Guðmundur Birkir Þorkelsson, fulltrúi FSH fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og R. Linda Skúladóttir, fulltrúi FSP fyrir FSA.

Frá ársfundi félagsins 2007 hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir.

Starfsmenn SN eru:

Geirlaug G. Björnsdóttir í 100% stöðu sem gegnir starfi framkvæmdastjóra, Magnfríður Sigurðardóttir iðjuþjálfari í 100% stöðu sem gegnir starfi verkefnisstjóra/ ráðgjafa og Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir ritari í 50% stöðu.

Um Starfsendurhæfingu Norðurlands

Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) var stofnuð 9. febrúar 2006.

Áður hafði Starfsendurhæfingin verið starfrækt undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík í fjögur ár.

Forsaga SN er sú að árið 2002 fór af stað undirbúningur tilraunaverkefnis á Húsavík sem miðaði að því að mæta þeirri miklu þörf sem upp var komin þar sem mikil fjölgun öryrkja var á þessu svæði.

Verkefnið fékk vinnuheimtið BYR starfsendurhæfing. Haustið 2003 hófu 16 þátttakendur endurhæfingu.


Árið 2005 hófst vinna við yfirfærslu verkefnisins á Eyjafjarðarsvæðið í samvinnu við Heilsuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Hlutverk SN er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn.

Markmið SN er að veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og stuðning á heildstæðan hátt á meðan á endurhæfingu stendur. Unnið er með alla þá þætti sem hver og einn þátttakandi metur í samráði við ráðgjafa SN að hann þurfi á að halda til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Hugmyndin er sú að þátttakandinn komi með virkum hætti að sinni endurhæfingu strax í upphafi og byrji þ.a.l. strax að axla ábyrgð á sinni endurhæfingu. Hlutverk SN er að útvega þá þjónustu sem hann þarf. Um er að ræða námstengda endurhæfingu en þátttakendur stunda nám á framhaldsskólastigi, ýmist frá VMA eða Framhaldsskólanum á Húsavík. Auk þess er boðið upp á, fjármálaráðgjöf, sálfrædistuðning, hópefli / sjálfsstyrkingu og líkamsþjálfun. Öll endurhæfingin miðar að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða nám að henni lokinni. Einnig felur hugmyndin í sér samvinnu stofnana og kerfa um samþættingu velferðarþjónustu.

Viðskiptavinir starfsendurhæfingarinnar eru einstaklingar sem eru á örorku-/ endurhæfingarlífeyri hjá TR og lífeyrissjóðum en einnig einstaklingar sem eru á bótum hjá Svæðisvinnumiðlun eða sveitarfélagi.

Ferli endurhæfingarinnar



Ferlið er frá 3 mánuðum – 3ja ára

Tilvísun berst frá tilvísunaraðila og fer þá fram viðtal og frekari greining á stöðu einstaklingsins.

Endurhæfingaráætlun er síðan gerð í samvinnu við einstaklinginn.

Endurhæfingin byrjar í undirbúningsþrógrammi sem varir í 4-6 mánuði. Þar er unnið skapandi starf, með persónuleg markmið og hópefli auk þess sem unnið er með fjármál sé þörf á því. Bodið er upp á líkamsþjálfun og er hún undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Hópeflistímar skipa stóran sess í undirbúningsvinnunni sem hefur mikla þýðingu fyrir þá vinnu sem koma skal.

Því næst hefst námstengd endurhæfing sem er í tvær annir eða 10 mánuði.

Eftirfylgd er síðan veitt eftir þörfum í allt að tvö ár.

Þjónustusamningur sem gerður var 2006 við Heilbrigðisráðuneytið / Tryggingastofnun ríkisins um endurhæfingu á 21 einstaklingi á ári til þriggja ára rennur út um næstu áramót. Verið er að vinna að endurnýjun samnings. Að þessum nýja samningi munu auk Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytis koma, Félagsmálaráðuneytið, Forsætisráðuneytið og Menntamálaráðuneytið. Er hér um tilraunasamning að ræða að því leyti að ráðuneytin vinna hér saman að því að samþætta þjónustu. Einnig er í gildi þjónustusamningur við TR um Matsteymi sem hefur það hlutverk að meta umsóknir einstaklinga um örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Tilvísanir til þessa matsteymis koma eingöngu frá TR. Engin tilvísun hefur borist til teymisins á starfsárinu.

Samstarfsaðilar eru stofnaðilar SN og starfsmenn þeirra s.s. lækna heilsugæslustöðva og FSA, ráðgjafar Félagsþjónustu, Fjölskyldudeildar og Svæðisvinnumiðlunar; Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Stapi Lífeyrissjóður.

Verktakar þeir sem unnið hafa fyrir SN eru:

- ❖ SÍMEY skipulagði og hélt utan um námslega þátt endurhæfingarinnar á Akureyri í samvinnu við VMA.
 - Verkefnaráðnir kennarar voru ;
 - Bragi Bergmann
 - Helgi Kristinsson
 - Hilmar Friðjónsson
 - Margrét Þóra Einarsdóttir
 - Ólafur Jakobsson
 - Ólafur Rafn Jónsson
- ❖ Framhaldsskólinn á Húsavík sá um námslega hluta endurhæfingarinnar á Húsavík.
- ❖ Menntasmiðja Akureyrar sinnti undirbúningsvinnunni. Þar hefur verið bðið upp á skapandi starf í samvinnu við Punktinn ásamt hópefli og íslensku.
- ❖ Efling sjúkraþjálfun sá um líkamsþjálfun, sjúkraþjálfari Þorleifur Stefánsson.
- ❖ Sjúkraþjálfun Húsavíkur sá um hópinn á Húsavík, Sveinbjörn Sigurðsson sjúkraþjálfari og Ingólfur Freysson.
- ❖ Reynir ráðgjafastofa veitti sálfræðiþjónustu á Akureyri.
- ❖ Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur veitti sálfræðiþjónustu á Húsavík.
- ❖ Alice Harpa Björgvinsdóttir sálfræðingur sá um hópefli og sálfræðiviðtöl.
- ❖ Valgerður Bjarnadóttir félagsráðgjafi sá um hópefli og sjálfsstyrkingu.
- ❖ Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur handleitt og kennt starfsmönnum SN að nota matslista Achenbach til þess að meta árangur endurhæfingarinnar.
- ❖ Elsa Þorvaldsdóttir sá um eftirfylgd til þátttakanda sem stundaði nám við Iðnskólann í Hafnarfirði.

Starfsemin

Hér á eftir verður starfseminni og framvindu endurhæfingarinnar lýst í stórum dráttum.

Veitt þjónusta við þátttakendur

Starfsemi SN var á Akureyri og á Húsavík. Starfsmaður SN vann einn dag í viku á Húsavík.

Þátttakendur SN fara flestir í undirbúningsprógramm og í framhaldi í nám sem er einingabært nám á framhaldsskólastigi. Þátttakendur SN hafa mætt í hópefli, sálfræðiviðtöl, líkamspjálfun og þrír þátttakendur fóru í lesgreiningu. Einnig hafa þátttakendur nýtt sér félagsráðgjöf hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og Félagsþjónustu Norðurbings. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með framvindu endurhæfingarinnar. Allir þátttakendur fylla út Achenbach matslista sem hjálpar til við að meta stöðuna og auðveldar markmiðssetningu og endurmat endurhæfingaráætlunar. Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur veitt handleiðslu í notkun og túlkun matsins.

Tilvísanir til SN

	Biðlisti frá fyrra starfsári	Tilvísanir á starfsárinu	Biðlisti júní 2008
Húsavík	6	7	0
Akureyri	26	76	35
Samtals	32	83	35

Á biðlista við upphaf starfsárs 1.júlí 2007 voru 32 einstaklingar. Tilvísanir til SN síðasta starfsár voru 83, þar af eru 35 enn á biðlista og munu 20 einstaklingar af biðlistanum verða teknir inn í undirbúningshóp í haust. Tilvísunaraðilar eru sérfræðingar þeirra stofnana sem standa að SN s.s. lækningar, félagsráðgjafar, ráðgjafar Vinnuálastofnunar og lífeyrissjóða. Einnig hafa borist tilvísanir frá öðrum sérfræðingum.

Fjöldi þátttakenda á síðasta starfsári og áætluð starfsemi á haustmánuðum.

	Haut 07	Vor 08	Haut 08 áætlað
Húsavík undirbúningshópur	0	4	0
Húsavík nám	11	12	4
Akureyri undirbúningahópur	19	17	20
Akureyri nám	18	37	36
Stuðningshópur	12	16	20
Eftirfylgd Húsavík	12	12	11
Eftirfylgd Akureyri	16	16	34
Samtals:	88	114	125


Á haustönn þjónustaði SN 88 einstaklinga. Á vorönn voru það 114 og áætlaður fjöldi þátttakenda á haustönn eru 125.

Á Húsavík útskrifuðust 11 þátttakendur í vor og á Akureyri útskrifuðust 16 einstaklingar. Þeim sem eru útskrifaðir úr endurhæfingunni veitir SN eftirfylgd næstu tvö árin. Einn hópur á Húsavík lauk sínum eftirfylgdartíma nú í vor.

Tveir hópar hafa sótt undirbúningsprógramm í Menntasmiðju Akureyrar á starfsárinu. Tilraun var gerð með stuðningshóp á Akureyri en í honum voru eingöngu konur sem voru í námi á eigin vegum. Sjá nánar í kaflanum þróunarstarf.


Kynjaskipting þátttakenda

Frá því að verkefnið BYR hóf starfsemi á Húsavík 2003 hafa 153 einstaklingar nýtt sér þjónustu þess (BYR og síðan SN). Af þeim eru 76,5% konur.




Af 153 þátttakendum eru 117 konur og 36 karlar.

Menntun þátttakenda



Þegar litið er á menntun þátttakenda hafa 141(92%) lokið grunnskólaprófi, 8 sérnámi, 3 iðnnámi og einn háskólanámi.

Staða þátttakenda sem hafa útskrifast frá SN-BYR frá 2004 - 2008.



Staða 96 þátttakenda úr þeim fimm hópum sem hafa lokið fyrsta áfanga endurhæfingarinnar er eftirfarandi: í námi eru 25, í atvinnuleit 3 sem stefna í vinnu eins fljótt og þeir fá vinnu við hæfi, í vinnu eru 34 og tveir þeirra hafa stofnað til eigin atvinnurekstrar sem er þeirra atvinna, á örorku eru átta einstaklingar sem eru í hlutastarfi, ein kona er í barneignarleyfi og stefnir í nám næsta vor, sex þátttakendur eru í annarskonar endurhæfingu, 16 einstaklingar hafa hætt og ekki lokið endurhæfingunni og þrjú eru látnir.

Af þeim 16 einstaklingum sem hafa hætt endurhæfingu eru 5 karlar og 11 konur. Af þeim sem hafa hætt hafa 12 verið komnir með varanlegt örorkumat.

Leonardo verkefni

BYR starfsendurhæfing hóf þátttöku í Evrópuverkefni Leonardo árið 2004 sem var verkefni til þriggja ára. Samstarfslönd voru: Ítalía, Holland, Litháen og Slóvenía. Settar voru upp samskonar starfsstöðvar og SN er með á Húsavík og Akureyri í þessum löndum. SN tók yfir þetta verkefni af BYR. Síðastliðið haust lauk þessu verkefni með ráðstefnu sem haldin var 27- 28 september á Hótel Lofleiðum. Þar kynntu fulltrúar þátttökulandanna afrakstur vinnu síðustu þriggja ára. Soffía Gísladóttir hefur séð um og stýrt verkefninu. SN sótti síðan um styrk í yfirfærsluverkefni frá Leonardo til þess að halda áfram að setja upp fleiri starfsstöðvar og fékk SN þann styrk. Verið er að setja upp samskonar starfsstöðvar í Hafnarfirði, Lettlandi og Finnlandi. Þessu verkefni mun ljúka haustið 2009. Heimsíða verkefnisins er: www.social-return.net.

Kynningarstarf

Starf SN hefur vakið mikla athygli og hafa starfsmenn SN haldið kynningar víða um land. Þessar kynningar hafa orðið til þess að aðilar á landsbyggðinni hafa hafið undirbúningsstarf í anda SN. Búið er að stofna þrjár starfsstöðvar sem byggja á hugmyndafræði SN; Starfsendurhæfing Austurlands sem hóf starfsemi í árs byrjun 2008, Starfsendurhæfing Skagafjarðar og Starfsendurhæfing Suðurnesja voru stofnaðar á vormánuðum 2008. Í undirbúningi er stofnun starfstöðva í Hafnarfirði, á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslum. Starfsmaður SN hefur veitt þeim stöðvum ráðgjöf sem þess hafa óskað.

Þróunarstarf

SN er ung stofnun sem enn er í þróun. Starfsemin miðar að þörfum viðskiptavina hennar. Það eru tveir þættir sem einna helst hafa verið í mótun hjá SN síðastliðið starfsár. Stuðningshópur; Markmiðið er að þróa hvernig hægt er að mæta þörfum þeirra sem þurfa á stuðningi að halda við að ljúka námi á eigin vegum. Hitt verkefnið er þróunarvinna að Endurhæfingarteymi Norðurlands.

Stuðningshópur

Síðastliðinn vetur hefur tilraunahópur verið starfandi en í honum eru 16 konur sem allar eru í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða að hefja háskólanám. 12 konur hittast vikulega með leiðbeinanda. Hinar fjórar fá einstaklingsmiðaðan stuðning. Ýmist er boðið upp á fræðslu eða konurnar miðla afreynslu sinni og styðja og leiðbeina hvor aðra. Einnig stendur þeim til boða sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf og félagsráðgjöf. Þessi þjónusta lofar góðu og eru konurnar mjög ánægðar með þennan stuðning.

Endurhæfingarteymi Norðurlands – “Brúin”

Starfsendurhæfing Norðurlands hefur undanfarið ár komið að undirbúningi að stofnun Endurhæfingarteymis Norðurlands (EN). Um er að ræða samstarfsverkefni á milli SN, Eflingar sjúkráþjálfunar ehf og FSA-Kristness. Endurhæfingarteymi Norðurlands verður sjálfstæð deild undir SN. Áætlað er að þjóða lífeyrissjóðum, verkalýðsfélögum, Vinnumálastofnun, sveitarfélögum og TR þjónustu teymisins. Stapi Lífeyrissjóður hefur lýst yfir vilja til samstarfs og kaups á þjónustu fyrir sína viðskiptavini og eru samningar við hann í bígerð. EN verður í tengslum við verkalýðsfélög og aðila vinnumarkaðarins, en markmiðið er að grípa sem fyrst inn í veikindaferli einstaklingsins. Þetta er liður í því að snúa við óæskilegri þróun áður en vandinn er orðinn fjölpættari og kostnaðarsamari. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar hefur styrkt undirbúningsvinnu að stofnun EN. Magnfríður Sigurðardóttir iðjuþjálfari og Ólöf Leifsdóttir iðjuþjálfari hafa komið að vinnu vegna fjármögnunar og hugmyndafræði EN.

Markmið með EN er að mæta þörfinni fyrir endurhæfingu sem nú er meiri á svæðinu en núverandi starfsemi á Norðurlandi annar, mæta biðlistum og veita snemmtæka íhlutun.

Markhópur EN eru einstaklingar sem eru að detta út af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa. Einnig fólk sem er að bíða eftir að komast í endurhæfingu og getur stundað hana frá heimili sínu á Akureyri eða nágrenni.

Tilhögun endurhæfingarinnar er að einstaklingur tekur þátt í endurhæfingarprógrammi, 6 klst á dag fimm daga vikunnar í 8 vikur. Fjöldi við hverja innskrift verður 12 einstaklingar. Sérfræðingar veita einstaklings- og hópmeðferð.

Áætlað er að umfang verkefnisins sé að þjónusta 60 einstaklinga á ári. Á þessu ári 24 einstaklinga, tvo 12 manna hópa.

Hvatningarverðlaun ÖBÍ

Hvatningarverðlaun Öryrkjabandlags Íslands voru í fyrsta sinn veitt 3. desember 2007. Verðlaunin voru veitt þeim sem með jákvæðum hætti höfðu stuðlað að einu samfélagi fyrir alla. Veitt voru þrenn verðlaun: til fyrirtækis, stofnunar og einstaklings, sem þóttu hafa skarað fram úr og endurspeglað nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er verndari Hvatningarverðlauna ÖBÍ og afhendi hann verðlaunin við formlega athöfn 3. desember í Þjóðminjasafni Íslands. Starfsendurhæfing Norðurlands hlaut verðlaunin í flokki stofnana fyrir uppbyggingu starfsendurhæfingar sem byggir á samstarfi ólíkra starfsstétta og öflugu samfélagslegu tengslaneti. Er þetta mikill heiður, viðurkenning og hvatning til að halda áfram á sömu braut.



Geirlaug og Soffía með verðlaunin

Lokaorð

Síðasta starfsár einkenndist af þróunarstarfi og ferðalögum til Húsavíkur. Einnig hefur stór hluti starfsins farið í kynningarstarf og fjármögnun SN. Fjármögnun síðasta ár var erfið og minnstu munaði að stofnunin þyrfti að hætta rekstri sökum fjárhagserfiðleika. Úr rættist er samningur var gerður við Menntamálaráðuneytið um fjármögnun á menntunarhlutanum sem er einn fjárfrekasti þáttur endurhæfingarinnar.

Þegar á heildina er litið er ekki hægt að segja annað en að árangur starfsins hafi farið fram úr björtustu vonum. Þrátt fyrir fjölgun viðskiptavina þá er árangurinn hlutfallslega sá sami og verið hefur þar sem 74% þeirra sem hafa nýtt sé endurhæfingu hjá SN eru í námi eða komnir í vinnu.

Þörfin fyrir starfsendurhæfinu sem þessa er mikil. Með tilkomu Endurhæfingarteymis Norðurlands er það von okkar að sá biðlisti sem myndast hefur hverfi og snemmtæk íhlutun sanni að með inngripi strax við upphaf veikinda sé hægt að snúa við óæskilegri þróun öllum í hag.

Geirlaug G. Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri SN